

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um opnunartíma lyfjabúða nr. 30/1983.

1. gr.

Við fyrstu grein bætist nýr svohljóðandi töluliður:

„1.5. Ráðuneytið getur, ef sótt er um það sérstaklega, heimilað lyfjabúðum að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma, sbr. tl. 1.1., svo sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga	kl. 9(10) — 19
Föstudaga	kl. 9(10) — 20
Laugardaga	kl. 9(10) — 16“

2. gr.

Töluliður 1.5. í 1. gr. verður 1.6.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjavík.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn o. fl.

3. gr.

Uppbot, áflog, óspektir, eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

6. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu.

7. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

8. gr.

Skylt er að hlýða fyrirmælum, sem lögreglan gefur, vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

Lögreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri, sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

9. gr.

Gluggaþvott má ekki framkvæma nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu. Ekki má þvo glugga, ef hætta er á því að vatn slettist á vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

10. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Þá er óheimilt að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi borgaryfirvalda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, saurga eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp blóm.

Umferð báta um Tjörnina er bönnuð, nema í þágu borgarinnar eða með leyfi lögreglunnar.

11. gr.

Borgarstjórn getur sett reglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópögngur og útifundi í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, halda flugeldasýningar, ganga með logandi blysd eða kveikja í bálkóstum nema með leyfi lögreglustjóra.

14. gr.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Után sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Borgarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi borgarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja fyrir leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

15. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða eða sölu notaðra bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem borgarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Borgarstjórn veitir leyfi í tiltekinn tíma, og getur takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

16. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni.

17. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrirberast á lóðum eða í húsi hans. Ekki má fara í hýbili manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

Lögreglan getur bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur það geta valdið óþægindum eða hættu.

18. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver, sem það gerir, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað.

19. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar umferð.

Bannað er að leggja ökutækjum á gangstéttum. Borgarstjórn getur þó veitt undanþágu frá banninu. Merkja skal sérstaklega þau bifreiðastæði, sem undanþága nær til. Stæði þessi mega ekki taka meiri breidd af gangstétt en svo, að eftir verði að minnsta kosti 1.5 metrar fyrir umferð um gangstéttina.

Vörubifreiðir, sem eru 3.5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira, og fólksflutninga-bifreiðir, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, mega ekki standa á götum eða almennum bifreiðastæðum borgarinnar á tímabilinu milli kl. 22.00 og 06.00. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, þar sem undanþágan hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, sem þykja valda íbúunum ónæði.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslu borgarinnar bifreiðir, sem standa án skráningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eda umráðamanni um flutninginn og ber hann kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

Allur akstur vélknúinna torfæruhjóla, svo sem fjórhjóla, er bannaður innan borgarlandsins. Borgarráð getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum.

20. gr.

Á götum borgarinnar eða þar sem hætta getur stafað af má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göt-urnar.

21. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

22. gr.

Bannað er að stöðva eða leggja ökutæki nær vegamótum en 5 metra, miðað við brún þvervegjar.

23. gr.

Á eftirtöldum vegum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skal hámarkshraði vera 60 km á klukkustund:

- a. Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.
- b. Kringlumýrarbraut.
- c. Vesturlandsvegi vestan Höfðabakka.
- d. Höfðabakka sunnan Vesturlandsvegjar.
- e. Bæjarhálsi vestan Tunguhálss.
- f. Gufunesvegi.
- g. Reykjanesbraut.
- h. Breiðholtsbraut.
- i. Elliðavogi.
- j. Kleppsvegi (stofnbraut).
- k. Sætúni, austan Kringlumýrarbrautar.

Á svæðinu, sem afmarkast af Suðurgötu, Hringbraut, Ánanausti, Mýrargötu, Grófinni og Aðalstræti, skal hámarkshraði vera 30 km á klst. Ákvæði þetta gildir ekki um Túngötu og Hofsvallagötu norðan Hringbrautar.

Á svæði, sem afmarkast af Snorrabraut, Laugavegi, Bankastræti, Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Hringbraut, skal hámarkshraði vera 30 km á klst.

Í Suðurhlíðum, þ. m. t. Suðurhlíð milli Bústaðavegar og Sléttuvegar, skal hámarks- hraði vera 30 km á klst.

24. gr.

Peir, sem flytja farm um götur borgarinnar, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, er stjórnanda flutningstækis skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

25. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir og lausa hesta má ekki reka um götur borgarinnar.

26. gr.

Ekki má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg borgarinnar né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi borgarverkfræðings og samþykki lögreglustjóra. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vann, sjá um að gangandi vegfarendum sé séð fyrir göngubraut. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Þess skal ætíð gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann

bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig, að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að nægurlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

27. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

28. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn borgarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09.00 til 23.30.

Börnum innan 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

29. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Heimilt er borgarráði, að fenginni umsögn lögreglustjóra, að leyfa annan afgreiðslutíma, en um ræðir í 1. mgr., á greiðasölustað, sem aðallega er ætlaður fyrir ferðamenn á flugvelli eða umferðarmiðstöð.

30. gr.

Hver sá, sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemi valdi ekki nágrönnum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti og er lögreglunni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni, sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum giststöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

31. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, nr. 1 3. janúar 1890, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Húsavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir viðstadda.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsnota. Um veitingastaði, umferðamiðstöðvar, verslanir, opinberar stofnanir, kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrst aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að viðhalda góðri reglu.

3. gr.

Þeir sem hyggjast efna til útifunda eða fara í hópögngu skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópögngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhuguðum gönguleiðum, og er lögreglustjóra heimilt að breyta þeim á hvaða stigi sem er, ef hann telur nauðsyn bera til.

4. gr.

Við sjúkrahús og elliheimili og annars staðar á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá sem búa í nágrenninu.